

Terra umhverfisþjónusta hf.
Berghellu 1
Hafnarfjörður 220
Ísland

10. ágúst 2026, Reykjavík
UOS-3282

Efni: Úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 22. júní 2026, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Terra umhverfisþjónustu hf., Berghellu 1, þann 20. maí 2026. Þann 29. júní 2026 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 4.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 20. maí 2026 Frávik 1 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi. <i>Rekstraraðili skal vakta frárennslisvatn samkvæmt mæliáætlun í starfsleyfi. Mælingar 2025 voru ekki fullnægjandi. Taka skal sýni úr úttaki olíuskilju og niðurstöður vantar vegna rennslis, hitastigs, selens (Se), titans (Ti), baríums (Ba), beryllíums (Be), bórs (B), úrans (U), vanadíums (V), kóbalts (Co), pallíums (Tl), tellúrs (Te) og silfurs (Ag).</i>	Opið

Tillögur rekstraraðila:	Við næstu efnagreiningu, fyrir 1. október nk., verður umræddum greiningum bætt inn í beiðni til greiningaraðila. Rennslismæling og sýnataka fari fram í sýnatökubrunni aftan við stóru söfnunarþróna. Terra óskar eftir því að lagt verði mat á nauðsyn þessara viðbóta sem virðast hafa komið inn í starfsleyfið í kjölfar nýrra vatnalaga.
Afstaða Umhverfis- og orkustofnunar: Umhverfis- og orkustofnun fellst á það að árleg sýnataka og rennslismæling fari fram úr úttaki aftan við stærri söfnunarþró þar sem mæli- og sýnatökubrunnur er staðsettur. Hvað varðar uppruna mælipáttanna tekur stofnunarinn fram að þeir voru ekki teknir upp vegna nýrra vatnalaga, heldur bættust þeir við með breytingu á starfsleyfinu árið 2024 í samræmi við lista II í viðauka við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Um er að ræða gildandi og bindandi skilyrði starfsleyfis. Telji rekstraraðili tilefni til að endurskoða tíðni eða umfang mælinga getur hann komið slíku erindi á framfæri, sbr. gr. 2.8 og gr. 1.6 í starfsleyfi, en það er á forræði stofnunarinnar að taka ákvörðun þar um en slík beiðni frestar ekki gildandi vöktunarskyldu. Rekstraraðila ber ætíð að fara að gildandi starfsleyfi. Frávikið helst áfram opið. Því verður lokað þegar rekstraraðili hefur framkvæmt fullnægjandi mælingu fyrir 1. október 2026 með öllum tilskildum mælipáttum og skilað niðurstöðum til stofnunarinnar.	
gr 4.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 20. maí 2026 Frávik 2 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi <i>Rekstraraðili skal vakta innihald söfnunarþróa fyrir hverja tæmingu ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í söfnunarþró. Við eftirlit 20. maí 2026 kom í ljós að spilliefni berast reglulega í söfnunarþró án þess að innihald söfnunarþróa hafi verið mælt.</i> Opið
Tillögur rekstraraðila:	Tekin verði sýni úr stóru söfnunarþrónni fyrir 1. ágúst og fyrir 1. september á þessu ári. Eftir það verði gögnin skoðuð og metið hvort ástæða sé til tíðari mælinga og hvort tilefni sé til að endurskoða losunarheimildir starfsleyfis sem og hvaða greiningarkröfur eiga erindi og rétt á sér í starfsleyfi Terra Efnaeyðingar.

Afstaða Umhverfis- og orkustofnunar:

Umhverfis- og orkustofnun hafnar úrbótaáætlun rekstraraðila vegna umrædds frávíks og fer fram á að uppfærða úrbótaáætlun og að hún berist í síðasta lagi **1. september 2026**. Í þeirri áætlun þarf að koma fram rökstuðningur fyrir því hvernig rekstraraðili hyggst tryggja að bæði vatnsleysanleg efni og olíuefni komist ekki óhindruð í fráveitukerfi.

Rekstraraðili hefur komið því á framfæri við stofnuna að hann telur ekki að um frávik sé að ræða og bendir á að skolonun undan spilliefnum sé óhjákvæmilegur þáttur í rekstri móttökustöðvar, að orðalagið „ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í söfnunarþró“ eigi ekki við um frárennsli frá þvottaplani, og að sama verklagi hafi verið fylgt frá upphafi án athugasemda.

Umhverfis- og orkustofnun fellst ekki á að ekki sé um frávik að ræða og hafnar því að boðaðar tilraunamælingar leysi frávikið. Samkvæmt gr. 3.3 er rekstraraðila aðeins heimilt að leiða innihald söfnunarþróar ómeðhöndlað í fráveitukerfi ef tryggt sé að spilliefni hafi ekki borist í þróna frá síðustu tæmingu; leiki grunur á að svo hafi verið skal greina styrk mögulegra mengunarefna í innihaldi hennar áður en hún er tæmd. Af lýsingu rekstraraðila og af rýni stofnunarinnar, leiðir að fyrra skilyrðið er ekki uppfyllt við núverandi verklag: kör undan spilliefnum eru skoluð á þvottaplani utandyra og frárennsli þaðan berst um sandfang og olíuskilju í stóru söfnunarþróna. Sandfang fjarlægir botnfall og olíuskilja fríolíu, en hvorugur búnaðurinn fjarlægir þungmálma, lífræn halógensambönd (AOX) eða BTEX, sem vega einna þyngst í mælipáttalista gr. 4.2. Spilliefni berast því að mati stofnunarinnar reglulega í þróna og mæliskylda fyrir tæmingu er virk.

Það að ekki hafi áður verið gerð athugasemd við verklagið leysir rekstraraðila ekki undan skilyrðum starfsleyfisins, enda ber honum ætíð að fara að gildandi starfsleyfi óháð því hvort einstök atriði hafi áður sætt athugasemd.

Rekstraraðili hefur skilað lýsingu á verklagi við þríf á ílátum undan spilliefnum: “Fyrir hreinsun þeirra er settur tómur bambi á þvottaplanið. Síðan er karið sem hreinsa skal tekið upp með lyftara og ekið yfir bambann og snúið á hvolf að hálfu þannig að það halli ca. 45 gráður yfir bambann. Með karið í þessari stöðu er heitu vatni sprautað undir þrýstingi inn í karið þannig að óhreinindin úr karinu renna ofan í bambann ásamt vatninu. Þetta er svo endurtekið, en **vatninu er hleypt undan þegar þarf** (og leitt um niðurföll). Þegar bambinn er við það að fyllast af óhreinindum er hann fjarlægður og gengið frá honum til brennslu hjá Kólku.”

Skolvatnið sem hleypt er undan bambanum inniheldur óhjákvæmilega þau spilliefni sem eru vatnsleysanleg og hafi verið einhver leysiefni við þríf getur skolvatnið einnig innihaldið olíu á þeyttu formi sem er vatnsleysanleg. Mikilvægt er að skolvatninu sé safnað og að ein eftirfarandi leiða sé farin, eða sambærileg: senda það í greiningu til að staðfesta innihald þess áður en því er sleppt út, nýta lokað þvottakerfi sem endurnýtir skolvatnið, eima skolvatnið til að minnka rúmmál spilliefnisins eða flytja skolvatnið í heild sinni í eyðingu.

Verði þessar breytingar á verklagi framkvæmdar má ætla að spilliefni berist ekki lengur með reglubundnum hætti í stóru söfnunarþróna, og fellur þá niður sá viðvarandi grunur sem nú kallar á mælingu fyrir hverja tæmingu. Mæliskylda skv. gr. 3.3 og gr. 4.2 stendur eftir sem áður óbreytt og gildir ávalt þegar grunur leikur á að spilliefni hafi borist í þróna, svo sem vegna óhapps eða leka en

einnig við eðlilega starfsemi. Frávikið telst áfram opið þar til breytingar hafa orðið á verklagi sem leiðir til þess að notkun á mengunarvarnarbúnaðinum er samkvæmt starfsleyfi.		
gr. 1.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 5. mars 2026 Frávik 3 Allur atvinnurekstur sbr. viðauka I, II og IV, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfis- og orkustofnun eða heilbrigðistnefndir gefa út, sbr þó 7. gr. a og 8. gr í lögum 7/1998 um mengunarvarnir og hollustuhætti. <i>Förgun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er bönnuð. Rekstraraðili losar vatnsblandaðan frostlög í fráveitukerfi á starfsstöð sinni að Berghellu 1, 220 Hafnarfirði</i>	Lokað
gr. 4.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 20. maí 2026 Frávik 4 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi <i>Rekstraraðili skal framkvæma vöktunarmælingar einu sinni á ári fyrir 1. okt ár hvert. Rekstraraðili framkvæmdi mælingar 27. október 2025.</i>	Lokað
gr. 2.2. í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 20. maí 2026 Frávik 5 Tilkynna skal Umhverfis- og orkustofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðaupplýsingum <i>Ekki var tilkynnt um breytingar á tengilið við stofnunina. Rekstraraðili uppfærði upplýsingar um tengilið þann 20. maí 2026.</i>	Lokað

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila vegna fráviks 1. Óskað er eftir uppfærðri úrbótaáætlun frá Terra Umhverfispjónustu hf, vegna fráviks 2 og að hún berist stofnuninni eigi síðar en 1. september 2026. Úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson

Sérfræðingur í teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson

Lögfræðingur í teymi eftirlits